


Skipulagsstofun
Laugarvegur 166
108 Reykjavík



Grindavík, 5. desember 2014

Efni: Umsögn um frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum vegna kísilverksmiðju Thorsil í Helguvík.

Þann 23. október 2014 lagði Skipulagsstofnun fram til kynningar og umsagnar tillögu að framkvæmd sem felur í sér byggingu kísilverksmiðju Thorsil í Helguvík og frummatsskýrslu um umhverfisáhrif hennar. Hér á eftir fer umsögn um frummatsskýrsluna.

Brennisteinsmengun er alvarlegt mál

Gert er ráð fyrir töluverð brennisteinsmengun, vegna útblásturs brennisteinsdíoxíðs (SO₂) sem er eitruð lofttegund, verði frá verksmiðju Thorsil. Á vef Umhverfisstofnunar segir (<http://www.ust.is/einstaklingar/loftgaedi/brennisteinsdioxid/>):

„Brennisteinsdíoxíð hefur neikvæð áhrif á heilsu manna og hár styrkur brennisteinsdíoxíðs getur hindrað öndun, ert augu, nef og háls, valdið köfnun, hósta, öndunarsjúkdómum og óþægindum í brjósti. Einnig hefur það áhrif á öndun plantna, getur valdið drepri og vanlíðan dýra og valdið málmþæringu.“

Því er ljóst að brennisteinsmengun er alvarlegt mál fyrir íbúa og dýr í nágrenni fyrirhugaðrar verksmiðju. Af þessum ástæðum er lögð mikil áhersla á þennan þátt þegar framkvæmt er mat á umhverfisáhrifum vegna slíkra verksmiðja og lögð áhersla á styrkur brennisteinsdíoxíðs sé undir ákveðnum mörkum, sérstaklega í nágrenni við íbúabyggð.

Mengunaráhætta í Helguvík

Áformað er að í Helguvík verði eitt stærsta iðnaðarsvæði landsins, en þar er þegar hafin bygging á tveimur stórum verksmiðjum, álveri Norðuráls og kísilmálmsverksmiðju United Silcon. Sakmævmt frummatsskýrslu Thorsil stendur nú til að hefja uppbyggingu þriðju verksmiðjunnar á svæðinu, kísilverksmiðju Thorsil.

Helguvík er staðsett í aðeins um eins kílmóters fjarlægð frá Reykjanesbæ og því er sérstaklega mikilvægt að hafa mikla varúð á þegar kemur að uppbyggingu iðnaðar á svæðin. Í áliti Skipulagsstofnunar á umhverfismati verksmiðju United Silcon, dagsettu 10. maí 2014, segir á blaðsíðu 11:

„Útreikningar á dreifingu helstu mengunarefna í matsskýrslu sýndu að mengun reiknast alls staðar neðan viðmiðunarmark reglugerða. Skipulagsstofnun telur í því ljósi að framkvæmdaraðili geti staðið við þær fullyrðingar að styrkur helstu mengunarefna verði innan marka gildandi reglugerða. Það breytir ekki því að starfsemin felur í sér töluverða losun mengunarefna og mun rýra loftgæði nokkuð.“

Jafnframt ber að hafa í huga að tiltölulega skammt er í nyrsta hluta þéttbýlisins í Reykjanesbæ og því brýnt að fylgjast vel með styrk helstu mengunarefna á svæðinu sem og mögulegum afleiddum áhrifum þeirra.“

Síðan segir:

„Skipulagsstofnun telur jafnframt að það sé mjög brýnt að vakta svæðið umhverfis Helguvík frá gangsetningu fyrsta áfanga verksmiðjunnar. Þar sem fyrirhugað er að reisa álver og kísilver á sama svæði er ljóst að mengunarálag á svæðinu mun aukast verulega.“

Nú stendur til að byggja þriðju verksmiðjuna á svæðinu og því er ljós að samkvæmt álit skipulagsstofnunar að mengunarálag á svæðinu mun aukast enn frekar.

Ótrúverðug frummatsskýrsla

Það er ljóst að svara þarf ákveðnum spurningum er varða umfjöllun um dreifingu brennisteinsmengunar í frummatsskýrslu Thorsil.

Annars vegar virðist sem að sammögnunaráhrif mengunar séu ekki reiknuð út fyrir allar þrjár verksmiðjurnar, þ.e. Norðurál, Thorsil og United Silicon, í einu heldur aðeins fyrir Thorsil og Norðurál, en United Silicon er sleppt þó svo bygging hennar sé þegar hafin. Dreifing mengunar fyrir verksmiðju United Silicon er eingöngu sýnd fyrir hana eina og sér. Hvers vegna er þetta gert? Það er nauðsynlegt að þessar upplýsingar liggi fyrir þegar tekin er afstaða til umhverfisáhrifa verksmiðjunnar.

Hins vegar virðist mat aðstandenda þessara þriggja verksmiðja á því hvernig loftmengun frá þeim dreifist í umhverfismatsskýrslum sínum misjafnt. Þessi dreifing er með svipuðum hætti í skýrslu Norðuráls og United Silicon en hún er með talsvert öðrum hætti í skýrslu Thorsil. Þetta er sérstakt og þarfnast ítarlegrar skoðunar því verksmiðjunarnar mun standa hlið við hlið og því er mengun frá þeim háð sömu veðurskilyrðum.

Önnur verksmiðja á sömu lóð

Samkvæmt því sem fram kemur í frummatsskýrslu Thorsil fæst ekki annað sé en að verksmiðja fyrirtækisins sé áætluð á sömu lóð (lóð nr. 4) er áætlað er að fyrirtækið Atlantic Green Chemicals reysi lífalkóhól- og glýkólverksmiðju sína á. Þann 11. mars 2012 gaf Skipulagsstofnun út álit á mati á umhverfisáhrifum verksmiðju Atlantic Green Chemicals og því er nú þegar í gildi umhverfismat fyrir aðra starfsemi á lóðinni en verksmiðju Thorsil.

Í álit Skipulagsstofnunar á máti á umhverfisáhrifum verksmiðju Atlantic Green Chemicals segir m.a. í niðurlagi (bls. 11):

„Framkvæmdin mun ekki hafa veruleg áhrif á loftgæði og áhrif framkvæmdarinnar á lífríki verða staðbundin og óveruleg þar sem verksmiðjan er fyrirhuguð á iðnaðarsvæði sem þegar hefur verið raskað, auk þess sem losun efna, sem geta haft áhrif á lífríki á landi og í sjó, verður óveruleg.“

Og í síðar:

„Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð Lífalkóhól- og glýkólverksmiðja við Helguvík í Reykjanesbæ muni ekki valda verulega neikvæðum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.“

Samkvæmt álit Skipulagsstofnunar hefur verksmiðja Atlantic Green Chemicals mun minni umhverfisáhrif, þá sérstaklega hvað varðar loftgæði á svæðinu, en verksmiðja Thorsil. Í því ljósi er rétt að benda á 5. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en þar segir:

„Skipulagsstofnun er ekki skylt að taka til efnislegrar meðferðar tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun í þeim tilvikum þegar framkvæmd er fyrirhuguð á sama framkvæmdastað og önnur framkvæmd sem þegar er til efnislegrar meðferðar samkvæmt lögum þessum eða ef fyrir liggur ákvörðun skv. 6. gr. eða álit skv. 11. gr. um framkvæmd á sama framkvæmdastað. Ákvæði þetta á ekki við ef ekki hefur verið gefið út leyfi til framkvæmda fyrir þeirri framkvæmd sem var til efnislegrar meðferðar hjá Skipulagsstofnun innan þriggja ára frá því að tillagan barst Skipulagsstofnun.“

Samkvæmt fyrrgreindu álit Skipulagsstofnunar á mati á umhverfisáhrifum verksmiðju Atlantic Green Chemicals barst Skipulagsstofnun matsskýrsla fyrirtækisins til efnislegrar meðferðar þann 30. janúar 2012. Undirritaður hefur ekki upplýsingar um það hvort gefið hafi verið út leyfi til framkvæmda vegna verksmiðju Atlantic Green Chemicals, en í öllu falli hlýtur það að teljast eðlilegt að Skipulagsstofnun bíði með að taka matsskýrslu Thorsil til efnislegrar meðferðar þar til 30. janúar 2015. Það er eðlileg krafa að verksmiðja sem hefur mun minni umhverfisáhrif fái að njóta vafans því það er í þágu almennings að sem minnst mengun verði vegna starfsemi á iðnaðarsvæðinu í Helguvík.

Sjálfstæð skoðun á þolmörkum vegna mengunar

Til viðbótar er einnig rétt að vitna í ummæli Sigurðar Ásbjörnssonar sérfræðings á umhverfissviði Skipulagsstofnunar í Fréttablaðinu þann 22. apríl 2014, bls. 6, þar sem iðnaðaruppbygging í Helguvík var til umfjöllunar:

„Það væri ákjósanlegast að í Helguvík væri horft til þess sem gert hefur verið á Grundartanga. Þar hefur sveitarfélagið farið í sjálfstæða skoðun á því sem iðnaðarsvæðið þolir og lýst því yfir hvaða starfsemi eru takmörk sett, t.d. vegna losunar á brennisteini sem komin er að mörkum þynningarsvæðisins.“

Á Grundartanga er starfandi kísiljárnsverksmiðja af svipaðri stærð og sú sem United Silicon er nú með í byggingu auk álvers af svipaðri stærð og hafin er bygging á í Helguvík auk smærrí og minna mengandi iðnaðarstarfsemi. Ekki verður séð að með stórrí kísilverksmiðju til viðbótar við aðra auk álvers falli vel að þeirri hugmyndafræði sem þarna er lýst. Í það minnsta hlýtur það að vera sjálfsögð krafa almennings að ráðist verði í sjálfstæða skoðun á því sem iðnaðarsvæðið þolir áður en ákveðið verður að bæta einni verksmiðju við. Í þessu samhengi væri nær að horfa til uppbyggjinnar minni mengandi iðnaðar líkt og Atlantic Green Chemicals áformar.

Niðurlag

Hreint loft eru mannréttindi og þarf að stíga varlega til jarðar ef vísbendingar eru um að heilsu manna sé ógnað vegna mengunar. Skipulagsstofnun verður því að skoða ofan í kjölinn þá

Útreikninga sem standa að baki frummatsskýrslu Thorsil. Í ljósi þess að aðeins rúmur kílómeter er í mannabyggð frá Helguvík er ástæða til að óttast mengunarhættu vegna of mikillar iðnaðaruppbyggingar á þessu svæði. Þá er einnig eðlilegt að verksmiðja sem ljóst er að hefur mun minni umhverfisáhrif og hefur staðfest umhverfismat á sömu lóð fái að njóta vafans þegar hagsmunir almennings eru hafðir í huga. Að lokum verður það að teljast eðlileg krafa að gerð verði sjálfstæð úttekt á því sem iðnaðarsvæðið þolir áður en ákveðið verður að bæta stórri verkssmiðju við þær tvær sem fyrir eru í byggingu.

Benóný Harðarson

Benóný Harðarson
280388-2039